

2. Stjórnarfundur FENÚR,

haldinn 3. febrúar 1999, kl. 15:30 á skrifstofu SORPU, Gufunesi.

Mættir: Pétur Bjarnason, Magnús Stephensen, Ásmundur Reykdal og í síma Jóhannes Pálsson.

Formaður harmaði slaka mætingu, en taldi sig eiga nokkra sök á því vegna mistaka við fundarboðun.

M.St. greindi frá fundi með forustu ASÍ og að þeir myndu tilnefna fulltrúa í fagráð. Spilliefnanefnd hefur ekki svarað. Stefnt að því að ljúka uppstillingu í fagráð fyrir næsta fund.

P.B. sagðist hafa haft samband við Svein Jónsson í Kálfskinni um setu í fagráði og hann samþykkt.

Ögmundur Einarsson, mun ræða við formann Sambands Ísl. Sveitarfélaga um aðkomu þeirra að ráðinu.

Formaður kallar eftir Curriculum Vitae frá stjórnarmönnum FENÚR, vegna umsóknar að ISWA.

J.P. leggur til að ákveðinn verði fundur í ráðgjafastjórn með a.m.k. 14 daga fyrirvara og senda áður út gögn (möppu) með upplýsingum, t.d. gögn, sem notuð voru við kynningu á félaginu í Umhverfisráðuneyti, ásamt lögum félagsins og fundargerð stofnfundar.

M.St. telur að jafnframt þurfi að koma fram kynningu á félaginu í einhverja miðla, t.d. blað verkfræðinga og sveitarstjórnarmál.

P.B. Gerir uppkast að grein, sem gæti birst í þessum blöðum Fram kom tillaga að bjóða Unnari Stefánssyni, ritstjóra “Sveitarstjórnarmála” á fyrsta fund ráðgjafastjórnar til upplýsinga.

M.St. telur að á næstunni þurfi að stofna faghópa un hina ýmsu málaflokka og segir að Hollustuvernd t.d. hafi áhuga á að taka þátt í þeim umræðum m.a. um jarðgerð.

Ákveðið að fundargerðir verði sendar á E-mail til stjórnarmanna.

Fundi slitið kl. 16:00

Fundarritari, Ásmundur Reykdal.